

**Ed.**

## **5. Frumvarp til laga**

[5. mál]

um fávítastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

### **1. gr.**

Ríkið skal reka eitt aðalhæli fyrir fávíta. Hæli þetta skal vera í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Því skal skipt í hæfilega margar deildir, og skulu vistmenn valdir þannig í deildir, að sem samstæðastur hópur verði í hverri deild. Heimilt skal að taka fávíta til dagdvalar á aðalhælið, og fer þá um styrk til þeirra eins og um dagvistarheimili væri að ræða, sbr. 6. grein.

Ráðherra skipar hælínu forstöðumann og yfirlækni, að fengnum tillögum landlæknis.

### **2. gr.**

Ef henta þykir, er heimilt að koma upp og reka fleiri fávítahæli en aðalhælið, og skulu þau vera útibú frá því. Hvert slíkt hæli skal rækja afmarkað hlutverk, og skulu vistmenn valdir í samræmi við það. Hlutverk þess skal ákvarðað í samráði við forstöðumann og yfirlækni aðalhælis ríkisins og að fengnum tillögum landlæknis.

### **3. gr.**

Ráðherra getur veitt bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávítahæli, svo og dagvistarheimili fyrir fávíta, að fengnum meðmælum landlæknis, er leitar álits forstöðumanns og yfirlæknis aðalfávítahælis ríkisins, enda fullnægi þessar stofnanir ákvæðum sjúkrahúsalaga um undirbúning, tilhögun og útbúnað, eftir því sem við geta átt. Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnanna eru ráðnir.

Stofnanir samkvæmt þessari grein skulu háðar eftirliti frá aðalhæli ríkisins.

### **4. gr.**

Fávítahæli skulu sjá vistmönnum fyrir þurftum þeirra, þar með talinni læknishjálpi, aðhjúkrun og gæzlu, svo og þeim, sem til þess eru hæfir, fyrir kennslu, vinnuþjálfun og vinnuaðstöðu, hverjum í samræmi við getu sína.

Dagvistarheimili hafa sömu skyldur við vistmenn með þeim takmörkunum, sem af dagvist leiða.

### **5. gr.**

Fávíti skal njóta styrks til greiðslu á eðlilegum dvalarkostnaði á viðurkenndu fávítahæli, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur.

Ráðherra setur reglur um styrkveitingar og hverra skilyrða og skilríkja skuli krafizt í því sambandi.

Ríkissjóður greiðir  $\frac{4}{5}$  hluta styrks samkvæmt þessari grein, en framfærslusveit styrkþega  $\frac{1}{5}$  hluta.

### **6. gr.**

Fávíti, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, á rétt á að hljóta styrk, sem nemur hæfilegu dagvistargjaldi, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur með sama hætti og segir í 5. grein. Aldrei skal þó slíkur styrkur nema meira en  $\frac{3}{5}$  af þeim styrk, sem fávíti nýtur á aðalfávítahæli ríkisins.

Ríkissjóður greiðir  $\frac{2}{3}$  hluta styrks á dagvistarheimili, en framfærslusveit styrkþega  $\frac{1}{3}$  hluta.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki réttindi fávíta til að hljóta lögboðinn lífeyri.

**7. gr.**

Ríkissjóður tekur sérstaklega þátt í kostnaði við nauðsynlega kennslu fávita á hælum og dagvistarheimilum, sem rekin eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða einkaaðilum, og fer þá um þátttöku eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

**8. gr.**

Stofnunum, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, er óheimilt að krefjast gjalds af aðstandendum þeirra vistmanna, sem njóta styrks samkvæmt ákvæðum 5. og 6. greinar þessara laga, og tekur þetta ákvæði einnig til kostnaðar við daglegan flutning á vistimönnum milli dagvistarheimilis og dvalarstaðar.

**9. gr.**

Stofnanir, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, skulu skila ráðuneytinu reikningum yfir reksturinn fyrir hvert almanaksár og eigi síðar en í marzlok árið eftir. Að öðru leyti gilda um skýrslugerð ákvæði reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

Nú verður ágóði af rekstri fávitastofnunar, sem rekin er af bæjar- eða sveitarfélagi eða einkaaðila, og skal þá verja ágóðanum í þágu málefna fávita samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis.

**10. gr.**

Nú er talin brýn þörf á að vista fávita á fávitastofnun, en ekki reynist unnt að koma honum þangað sökum rúmleysis, og er þá heimilt að semja um vistun hans til bráðabirgða við aðra heilbrigðisstofnun, sem gerir hennar kost með sömu kjörum og fávitastofnun.

**11. gr.**

Allar umsóknir um hælisvist fyrir fávita, hvort heldur á ríkishæli, hælum eða dagvistarheimilum bæjar- eða sveitarfélaga eða einkaaðila, skulu berast forstöðumanni aðalfávítahælis ríkisins, en hann sker úr því, að undangenginni fullnægjandi rannsókn, á hvaða stofnun umsækjandi skuli vistaður. Ekki verður vistmaður þó settur á fávitastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns, sem á kröfu á að fá allar tiltækar upplýsingar um umsækjanda.

**12. gr.**

Fávitar öðlast ekki framfærslurétt með dvöl á fávitastofnun utan sveitarfélags síns.

**13. gr.**

Um uppfræðslu vangefins fólks, sem er ekki á fávitastofnunum samkvæmt lögum þessum, en telst þó geta haft gagn af einhvers konar kennslu, fer eftir ákvæðum fræðslulaga.

**14. gr.**

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem er ekki á fávitastofnunum.

**15. gr.**

Við aðalfávítahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Forstöðumaður er skólastjóri, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu. Um stjórn skólans, námstíma, námsefni, prófkröfur og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Málefni fávítastofnana samkvæmt þessum lögum eru í höndum þess ráðherra sem fer með heilbrigðismál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 1. febrúar 1936, um fávítahæli, ákvæði varðandi fávíta í lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuþla, og í lögum nr. 99 22. desember 1965, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er fara í hág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 18. nóvember 1965 skipaði heilbrigðismálaráðherra þá Benedikt Tómasson, skólayfirlækni, Björn Gestsson, forstöðumann Fávítahælisins í Kópavogi, og Hrafn Bragason, lögfræðing, í nefnd til þess að endurskoða lög um fávítahæli nr. 18 1. febrúar 1936. Benedikt Tómasson var skipaður formaður nefndarinnar, og Hrafn Bragason var skipaður samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra, en menntamálaráðuneytið hafði óskað endurskoðunar fávítalaganna með tilliti til kennslu fávíta á skólaskyldualdri, er dveljast utan hæla.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta og athugasemdir þær, sem hér fara á eftir, en helztu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Frumvarpið fjallar um fávítastofnanir og vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðslufirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk, og um heimild til að veita því félagslega aðstoð.

2. Gert er ráð fyrir einu ríkisreknu hæli, aðalfávítahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Heimilað er að koma upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk.

3. Veita má bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávítahæli og dagvistarheimili fyrir fávíta.

4. Allar fávítastofnanir skulu háðar eftirliti frá aðalhælinu, og allar umsóknir um vist á fávítastofnunum skulu berast þangað.

5. Ákvæði ríkisframbærslunnar um fávíta eru tekin upp í frumvarpið, og fávítar á dagvistarheimilum geta einnig notið hennar að hluta, að undangengnum sams konar úrskurði og þarf til greiðslu dvalar á fávítahæli.

6. Sérstakt ákvæði er um greiðslu ríkisins á kennslukostnaði á fávítastofnunum, sem ríkið rekur ekki.

7. Ákvæði er um rekstur skóla við aðalhælið til að sérmennta fólk til fávítagæzlu.

8. Frumvarpið í heild er miðað við þá þróun, sem gerzt hefur í fávítamálum undanfarið í grannlöndunum, en tillit er tekið til sérstöðu vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar.

II.

Fullgild fræðileg skýrgreining á fávítahætti er ekki til, en í reynd verður að telja fávíta hvern þann, sem getur ekki séð fyrir sér sökum greindarskorts. Reynsla sýnir, að í þessum hópi eru allir, sem hafa lægri greindarvísitölu en 50, þótt ekkert annað komi til, þ. e. örvtar (gv. 0—24) og hálfvtar (gv. 25—49). Einnig kemur í ljós, að nær allir, sem hafa greindarvísitölu milli 50 og 70 eða 75, þ. e. vanvtar, þarfnast aðstoðar í einhverri mynd, ef vel á að vera, t. d. sérkennslu eða sérstakrar hjálpar í skóla, og sumir þeirra reynast alls ófærir um að sjá fyrir sér og verða þá að teljast fávítar. Á þetta sérstaklega við um þá, sem auk greindarskortsins eru andlega (eða líkamlega) veiklaðir eða hafa áberandi skapgerðarbresti, en allt þetta getur valdið því, að lággreindum einstaklingum nýtist ekki raunveruleg greind sín.

Þótt á það sé lögð áherzla, að sem allra flestir einstaklingar eigi að lifa eðlilegu lífi utan stofnana, mun það nokkurn veginn samhljóða álit, að hælsvistar þarfnist þegar í bernsku allir örvitur og flestir hálfvitur og fyrr eða síðar á ævi einnig þeir vanvitar, sem reynast ófærir um að sjá fyrir sér.

Þar sem skýrgreining á fávítahætti er á reiki og allmargir lenda á mörkunum, er örðugt að meta tíðni hans og þá einnig að bera saman tíðnina í löndum, en eftir því sem næst verður komið, mun hún svipuð hér á landi og í grannlöndum okkar, Talið er láta nærri, að um 1% manna verði að teljast andlega vanþroska (vangefnir), um 2 af hverju þúsundi eru taldir þarfnast hælsvistar og aðrir 2 af þúsundi einhverrar félagslegrar aðstoðar. Samkvæmt þessu þyrftu að vera til fávita-hæli fyrir allt að 400 manns hér á landi, og til þess að halda í við fólksfjölgun þyrfti að auka við 7—8 rúmum á ári (eða sem svarar 1 hæliseild annað hvert ár).

Nú eru hér starfandi eða í smíðum eftirtaldar stofnanir:

Kópavogshæli .....	111 rúm (141 vistmaður)
— í smíðum .....	15 —
Skálatún .....	15 — (27 vistmenn)
— í smíðum .....	30 —
Sólheimar .....	40 — (um 40 vistmenn)
Tjaldanes .....	10 — (6 vistmenn)

Tvær þessara stofnana eru ofsetnar, einkum Skálatún, sem er „overbelagt til det uforsvarlige“ (N. E. Bank-Mikkelsen, sjá síðar). Nýbyggingum í Skálatúni mun lokið fyrir haustið og í Kópavogi væntanlega um eða eftir næstu áramót. Vantar þá allt að 180 rúm, til þess að þörfinni sé fullnægt, eins og hún er áætluð hér að framan.

Í Lyngási í Reykjavík rekur Styrktarfélag vangefinna dagheimili fyrir um 40 vangefin börn, og mundu langflest þeirra eiga heima á hæli, ef rúm væri fyrir þau.

### III.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur leitt í ljós, að þroskamöguleikar fávita eru í mörgum tilfellum mun meiri en áður hafði verið álit, svo fremi að þeir fái viðeigandi uppeldi og þjálfun. Á uppeldi þeirra getur oltið, hvort þeir verða færir um að vinna einföld, hagnýt störf eða hvort þeir verða óstarfhæfir alla ævi. Til þess að unnt sé að veita fávítum þá sérfræðilegu hjálp, sem nú er völ á, bæði uppeldislega og læknislega, verður sjálfstæð fávítastofnun að vera allstór. Lítil stofnun getur af skiljanlegum ástæðum ekki haft á að skipa nægilega fjölbreyttu sérmenntuðu starfsliði, og þar verður ekki heldur komið við flokkun vistmanna eftir aldri, kyni og hæfileikum, en slík flokkun er nauðsynleg m. a. til þess að fá þeim verkefni, sem hæfa nokkurn veginn getu hvers og eins. Nánara tiltekið þarf hver sjálfstæð stofnun að vera fyrir nokkur hundruð vistmenn, til þess að æskilegri flokkun og sérhæfðri þjónustu verði komið við. Slíkri stofnun er þá skipt í meira eða minna aðgreindar deildir, og verður sú skipting einnig til þess að firra stofnunina ókostum, sem annars geta fylgt stórum stofnunum. Ekki er þó nauðsynlegt, að öll stofnunin sé á einum og sama stað. Til dæmis er ekkert því til fyrirstöðu, að fullorðnir fávitar, sem geta unnið og eru á svipuðu getustigi, séu á útibússtofnun, sem rekur búskap eða iðnað. Elliheimili fyrir fávita getur einnig verið á öðrum stað en aðalstofnunin, og fleiri hópar koma hér til greina. Meginmáli skiptir, að nægilega stór hópur sé í umsjá eins og sama aðila, til þess að fyrrgreindri flokkun og sérhæfðri hjálp verði komið við.

Árið 1962 fékk heilbrigðismálastjórn að frumkvæði landlæknis hingað til lands yfirmann málefna vangefinna í Danmörku, forsorgsgef N. E. Bank-Mikkelsen. Kynnti hann sér ástand þessara mála hér á landi og skilaði rækilegri og langri greinargerð, þar sem hann lýsti skipan fávítamála í Danmörku og gerði tillögur um skipan þeirra hér á landi. Þær tillögur hans, sem einkum varða þetta frumvarp, eru í meginatriðum eftirfarandi:

Allt landið á að vera eitt umsjónarsvæði, að því er varðar málefni fávita. (Í Danmörku er mannfjöldi á „forsorgscenter“ frá 400 000—1 000 000). Naumast verður gert ráð fyrir, að komið verði af með færri en 400 rúm á fávitaheimum, ef fullnægja á hælispörf nokkurn veginn, miðað við mannfjölda. Starfrækja á eina aðalfávítastofnun (centralinstitution), og er þegar góður visir að slíkri stofnun í Kópavogi. Meginverkefnið fyrst um sinn er að stækka þessa stofnun, til þess að hún geti gegnt því hlutverki, sem aðalstofnun á að gegna. Hlutverk aðalstofnunar er í fyrsta lagi að veita öllum hælispurfandi fávítum viðtöku, rannsaka andlegt og líkamlegt ástand þeirra, ákvarða tiltæka læknislega og uppeldislega meðferð og sjá um, að þeir fái hana. Fávita, sem ekki þarf að hafa lengur á aðalstofnuninni, má eftir atvikum senda heim til sín eða á aðrar viðeigandi stofnanir, t. d. vinnustofnun, elliheimili o. fl. Heppilegt er, að geðveikir fávitar séu á sérstofnun. Auk aðalhælisins fjallar höfundur skýrslunnar um aðrar fávítastofnanir í sambandi við hana, bæði heimavistar- og heimangöngustofnanir, og yrði of langt mál að gera grein fyrir þeim. Hann telur sjálfsagt að reka framvegis einkahælin tvö, Sólheima og Skálatún, telur Skálatún geta komið til greina sem hæli fyrir geðveika fávita, en hefur engar sérstakar tillögur um Sólheima og óttast um framtíð stofnunarinnar vegna staðsetningar hennar, þegar núverandi forstöðukona lætur af starfi.

Dagheimilið Lyngás telur hann eiga miklu hlutverki að gegna. Skýrslan fjallar um allar hliðar á málefnum vangefinna, en verður ekki rakin nánara hér.

#### IV.

Frumvarp þetta er samið í samræmi við þau sjónarmið, sem þegar hefur verið greint frá. Það fjallar um fávítastofnanir og vistmenn þeirra, gerir ráð fyrir einu ríkisreknu aðalhæli og samræmdum rekstri allra fávítastofnana landsins undir eftirliti frá aðalhælinu. Í því er ákveðin verkaskipting milli fræðslumálastjórnar og heilbrigðismálastjórnar, að því er varðar uppfræðslu andlega vanþroska fólks, og ráðherra er heimilað að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við þá, sem eru utan fávítastofnana. Þessar leiðir eru valdar með tilliti til íslenzkra aðstæðna, í stað þess að setja upp eina stofnun, sem færi með öll málefni vangefinna, eins og t. d. í Danmörku. Slík stofnun hlyti að verða mjög dýr í rekstri með öllu því, sem henni þyrfti að fylgja, ef hún ætti að gera rækt verkefni sitt að einhverju gagni, og rekstur hennar verður að teljast ofviða í svo fámennu landi.

Ekki hefur verið tekið upp í þetta frumvarp ákvæði nógildandi laga um eftirlitsnefnd fávitaheila né fitjað upp á neins konar ráðgefandi nefnd um fávítamál. Eftirlitsnefndin var aldrei skipuð, og ekki er líklegt, að nein nefnd meira eða minna ósérfróðra aðila, er hefðu nefndarstörfin á hlaupum og í hjáverkum, yrði þess umkomin að fylgjast svo með fávítastofnunum og starfi þeirra eða með málefnum vangefinna í heild, að lið yrði að. Eina raunhæfa lausnin, og eftir atvikum góð, þykir því vera sú að fela stjórnendum aðalfávitaheilis ríkisins samkvæmt frumvarpinu að hafa á hendi eftirlit með öðrum fávítastofnunum og þar með samræmingu á starfsemi allra fávítastofnana landsins. Ríkishælið mundi svo að sjálfsögðu verða undir umsjón stjórnarnefndar ríkisspítalanna á sama hátt og aðrar heilbrigðisstofnanir ríkisins (sbr. sjúkráhusalög nr. 54/1964, 9. grein).

Ekki eru í frumvarpinu ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna nýbygginga eða viðhalds fávítastofnana sveitarfélaga eða einkaaðila. Til þessa ber aðallega tvennt. Í fyrsta lagi væri ekki aðeins óþarft, heldur beinlínis til óþurftar að fjölga sjálfstæðum fávítastofnunum í landinu, frá því sem nú er. (Heimild mun hafa verið veitt til að reisa fávítastofnun á Akureyri). Ekki er heldur hægt að mæla með stækkun þeirra einkahæla, sem nú eru rekin, meðan svo mjög vantar á, að Kópavogshæli hafi náð æskilegri stærð. Í öðru lagi eru í gildi, fyrir forgöngu Styrktarfélags vangefinna, sérstök, en að visu tímabundin lög, þ. e. lög nr. 78/1966, um aðstoð við vangefið fólk, og samtök hjarta- og æðaverndarfélag, sbr. og reglugerð nr. 83/1958. Samkvæmt löggjöfinni er lagt sérstakt gjald á gosdrykki og öl til

að reisa fyrir það stofnanir handa vangefni fólki. Af þessu fé er myndaður sjóður, Styrktarsjóður vangefinna, sem er í vörzlum félagsmálaráðuneytis, en það ráðstafar fénu sem lánnum eða styrkjum að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem hlut kunna að eiga að máli hverju sinni. Hér er gengið að því visu, að sjóðnum verði tryggðar tekjur með sama hætti og verið hefur, meðan þess er talin þörf. Lög um sjóðinn eru ekki tekin inn í þetta frumvarp, og þykir eðlilegra, að um hann gildi sérstök lög hér eftir sem hingað til, enda á að vera um tímabundna þörf að ræða, þótt ekki sé vitað á þessu stigi, hvernær henni kann að vera fullnægt.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Þrenns konar aðgreindar stofnanir skv. núgildandi lögum eru í frumvarpinu sameinaðar í eina stofnun. Starfssvið hennar verður þó í framkvæmd þrengra en löggin gera ráð fyrir, eins og þau mundu vera túlkuð nú, sbr. 1. gr.: „a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita . . .“, þar sem vanvitar eiga yfirleitt því aðeins heima á fávítastofnunum, að þeir reynist ófærir um að sjá fyrir sér. Um uppfræðslu annarra vanvita fer þá skv. 13. grein frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast um þessa grein til almennu greinargerðarinnar.

##### Um 2. gr.

Nauðsynlegt þykir að heimila rekstur útibúa frá aðalhælinu. Er þá meðal annars haft í huga, að vel gæti komið að því, að eigendur núverandi einkahæla vildu hætta rekstrinum, og gæti þá ríkið yfirtekið stofnanirnar, ef það þætti hagkvæmt, og vistað þar sérstaka hópa fávita.

##### Um 3. gr.

Ekkert bæjar- eða sveitarfélag rekur nú fávítahæli, en rétt þykir að taka upp heimild til slíks rekstrar samhliða heimild til rekstrar einkahæla. Litlar líkur eru þó til þess, að bæjar- eða sveitarfélög fari inn á þá braut, en allt öðru máli gegnir um dagvistarheimili. Fyrir slíkt heimili er mikil þörf í Reykjavík, jafnvel þótt hælispörf væri nokkurn veginn fullnægt, og hugsanlegt er, að reka mætti lítið heimili á Akureyri í sambandi við hæli. Ef einkaaðilar reka ekki slíkt heimili, er hlutaðeigandi bæjarfélag, en ekki ríkið, eðlilegur aðili, þar sem engin not yrðu að því fyrir aðra en þá, sem á staðnum búa.

Það er í samræmi við þau sjónarmið, sem þegar hefur verið greint frá, að stofnanir skv. þessari grein skuli háðar eftirliti frá aðalhæli ríkisins. Því til enn frekari rökstuðnings má benda á, að stofnanir þessar eru raunverulega reknar af opinberu fé, sbr. 5. 6. og 7. grein.

##### Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

##### Um 5. gr.

Rétt þykir að taka inn í þetta frumvarp ákvæði laga nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, að því er varðar fávita. Þetta er gert með vísun til greinargerðar með lögum nr. 99/1965, um breyting á lögum nr. 78/1936, en í greinargerðinni segir svo: „Að lokum skal þess getið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna að því, að ríkisframfærslan verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún er nú, og að fela Tryggingastofnun ríkisins að hefja undirbúning að því, að sjúkra-tryggingar og lífeyristryggingar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar eigi síðar en á árinu 1967, þó þannig, að kostnaður vegna berklasjúklinga, geðveikra og fávita yrði áfram greiddur af ríkisframfærslunni, ef það þætti betur henta.“

Í 3. grein laga nr. 99/1965 er ákveðið, að félagsmálaráðuneytið veiti styrk samkvæmt lögnum, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um styrkveitingar, og færi þá um það eftir samkomulagi, hvort ráðuneytið veitti styrkinn. Ákvæðið um greiðsluskiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga er óbreytt frá nügildandi löggjöf.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Dagvistarheimilið Lyngás, sem rekið er af Styrktarfélagi vangefinna, er eina dagheimili sinnar tegundar í landinu. Það hefur bætt úr brýnni þörf í Reykjavík, þar sem það hefur tekið til dagvistar um 40 (nú 43) reykvisk börn, sem langflest a. m. k. mundu vera á fávítahæli, ef hælislúm væri til, og því kemur heimilið raunverulega í stað fávítahælis. Til þess að tryggja áframhaldandi rekstur þessarar nauðsynlegu stofnunar virðist óhjákvæmilegt að börnin, sem hana sækja, njóti sams konar styrks og börn á fávítahælum, enda hlýtur það að teljast sanngjarnt. Þó má styrkurinn samkv. frumvarpinu aldrei nema meiru en  $\frac{1}{3}$  af þeim styrk, sem fáviti nýtur á aðalfávítahæli ríkisins, en gæti vitaskuld orðið minni. Þar sem dagvistarheimili koma nær eingöngu að notum bæjarfélögum, þar sem þau eru rekin, þykir eðlilegt, að þátttaka bæjarfélags í greiðslu framfærslustyrks sé hlutfallslega meiri en á fávítahælum, sem allt landið á jafnan aðgang að. Greiðsluhlutföllum er þó hagað þannig, að kostnaður bæjarfélags af vist barna á dagvistarheimili getur aldrei orðið meiri en hann er á fávítahæli, en hann getur orðið minni. Þar sem úrskurða verður um styrkhæfi á dagvistarheimili með sama hætti og um hæli væri að ræða, er loku fyrir það skotið, að aðrir verði styrksins aðnjótandi en þeir, sem raunverulega þurfa á honum að halda.

Árið 1965 var rekstrarkostnaður Lyngáss kr. 1 815 157.79. Greiðslur frá aðstandendum, þ. e. dagvistargjöld, námu kr. 412 865.00, og rekstrarhalli, þ. e. framlag Styrktarfélagsins, var kr. 283 254.89. Ríkissjóður lagði til heimilisins kr. 317 220.00, en Reykjavíkurborg afganginn, kr. 891 817.90. Að sjálfsögðu hækka greiðslur úr ríkissjóði verulega, frá því sem nú er, skv. þessu frumvarpi, en engu að síður verða þær miklu lægri en þær mundu verða, ef börnin í Lyngási væru á fávítahæli. Daggjald á árinu 1965 var kr. 230.00 á fávítahælum og hefði þá numið alls kr. 3 609 850.00 fyrir 43 börn yfir árið, ef þau hefðu verið vistuð á fávítahæli, eða um það bil tvöföldum rekstrarkostnaði Lyngáss.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir nú laun 1—2 kennara á þeim einkafávítastofnunum, sem hér eru reknar, og koma þau til viðbótar við daggjöld skv. lögum nr. 78/1936. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þessi framkvæmd verði lögfest, og fer þá um slíka þátttöku eftir reglum, er menntamálaráðherra setur.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Heimildin í greininni er nauðsynleg, meðan ekki er séð fyrir hælispörf.

Um 11. gr.

Um skýringar á greininni vísast til almennu greinargerðarinnar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um 13. og 16. gr.

Málefni fávita eru jöfnum höndum heilbrigðismál, uppeldis- og fræðslumál og félagsmál, og gæti því leikið vafi á, undir hvaða ráðuneyti fávítastofnanir ættu að heyra. Hér á landi hafa fávítahæli frá upphafi verið talin til heilbrigðisstofnana og stjórn þeirra verið í höndum heilbrigðismálaráðherra. Ástæðulaust þykir að breyta þessu, þótt hinn uppeldislegi þáttur í starfsemi fávítastofnana sé álíka mikilvægur og hinn læknisfræðilegi. Í núgildandi lögum eru vanvitaskólaheimili talin til fávítahæla, eins og þegar hefur verið bent á, og rekstur þeirra hefði samkvæmt því komið í hlut heilbrigðisyfirvalda, ef slík heimili hefðu verið reist. Þetta verður að teljast fráleitt, þótt að sjálfsgöðu verði að sjá þessum stofnunum fyrir góðri læknisþjónustu, og ætti að vera óþarft að rökstyðja það sérstaklega. Í greininni er því ákveðin ný, hagnýt verkaskipting milli fræðsluyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Fræðsluskyldan sem slík hvílir að sjálfsgöðu á fræðsluyfirvöldum, en heilbrigðisyfirvöld taka að sér að sjá um uppfræðslu þeirra, sem á fávítastofnunum dveljast, til þess að gera yfirstjórn stofnananna einfaldari. Það er svo þessari verkaskiptingu óviðkomandi, hvort vanvitaskólar (-heimili) eru reknir á sama hátt og aðrir skyldunámsskólar, þ. e. af ríki og sveitarfélögum í sameiningu eða af ríki eingöngu, og eiga ákvæði um það, svo og allt annað, er varðar vanvitakennslu og rekstur slíkra skóla eða skólaheimila, heima í löggjöf um skólamál.

#### Um 14. gr.

Allstór hópur andlega vanþroska einstaklinga þarfnast ekki hælsvistar né vistunar á dagvistarstofnun, en getur þó þarfnast einhvers konar aðstoðar. Tryggingastofnun ríkisins greiðir því vangefnu fólki eldra en 16 ára, sem á heimilum dvelst, örorkubætur, ef það er úrskurðað öryrkjar vegna gáfnatregðu. Foreldrar geta fengið sérstakan skattafrádrátt vegna barna undir 16 ára aldri, sem eru andlega vanþroska. Æskilegt gæti verið, að foreldrar barna undir 16 ára aldri, gætu átt kost á frekari fjárstuðningi í sumum tilfellum en nú er, ef það stuðlaði að því, að þau gætu fremur dvalizt á heimilum foreldra sinna, og ættu ákvæði um hann þá heima í tryggingalöggjöf. Slík fjárhagsaðstoð yrði ódýrari en vistun á stofnun.

Á síðustu árum hefur aðstoð við andlega vanþroska fólk víðast hvar þróazt meira og meira í þá átt að vera ekki aðeins vistun á stofnunum, heldur einnig aðstoð við fólk, sem býr og starfar utan þeirra. Félagsleg fyrirgreiðsla til handa þessu fólki er þá fyrst og fremst í því fólgin að veita hinum vanþroska hjálp til að aðlaga sig þjóðfélaginu og verða eins nýtur þjóðfélagsþegn og þroskamöguleikar hans leyfa. Hér er um leiðbeiningarstarfsemi að ræða, þar sem könnuð eru vandamál foreldra og annarra aðstandenda og þeim leiðbeint um uppeldi og aðra aðhlynningu, einnig atvinnuleiðbeiningar, vistráðningar og fleira. Slík starfsemi er þó einungis hugsanleg í sambandi við fullgilda stofnun fyrir vanþroska fólk.

#### Um 15. gr.

Um skeið hefur verið haldið uppi skipulegri kennslu í fávítagæzlu í Kópavogi, án þess að um hana séu lagaákvæði. Námið er tveggja ára, bæði bóklegt og verklegt, og stúlkur, sem standast slíkt próf, eru nefndar gæzlusystur.

Eitt frumskilyrði þess, að unnt sé að reka fávítahæli á viðunandi hátt, er að eiga vól á þjálfuðu fólki til þess að stjórna daglegri vinnu á hæliseildunum og til fleiri starfa. Alls staðar, þar sem aðstoð við fávita er í nokkurn veginn viðunandi horfi, eins og t. d. á Norðurlöndum, er þetta talin sérstök starfsgrein og haldið uppi nauðsynlegri kennslu í henni.

Nauðsynlegt er, að þessi skóli verði starfræktur á aðalhæli ríkisins vegna þess, að það er eini staðurinn, þar sem hægt er að gefa nenum kost á að umgangast nokkuð stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og veita þeim æskilega verklega þjálfun.